



## Leiðbeiningar um upplýsingaöflun úr sakaskrá

–ráðningarmál við leikskóla, grunnskóla og æskulýðsstarfsemi sveitarfélaga–

Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla og grunnskóla einstakling sem hlotið hefur refsíðing fyrir kynferðisbrot. Við ráðningar í þessi störf er því nauðsynlegt að afla upplýsinga úr sakaskrá ríkisins. Sjá nýmæli í 3. mgr. 6. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 3. mgr. 11. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Upplýsingaöflun þessi þarf jafnframt að taka til annarra refsibrota sem eru af því tagi að þau þykja skipta máli við ráðningu í það starf sem um ræðir. Áþekk ákvæði eru í æskulýðslögum nr. 70/2007, sbr. 3. og 4. mgr. 10. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur útbúið eyðublöð<sup>1</sup> sem sveitarfélög geta notað sem fyrirmynd fyrir þessa upplýsingaöflun úr sakaskrá. Mælt er með því að sveitarfélög afli þessara upplýsinga að fengnu samþykki viðkomandi í stað þess að láta umsækjendur sjálfa leggja fram sakavottorð<sup>2</sup>.

Upplýsingar úr sakaskrá teljast til „viðkvæmra persónuupplýsinga“ í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og fellur öflun þeirra, notkun og varsla almennt undir gildissvið laganna. Áriðandi er að sveitarfélög geri viðhlítandi öryggisráðstafanir til að tryggja að þessar upplýsingar séu einungis aðgengilegar þeim sem þurfa starfs síns vegna að vinna með þær, þ.e. koma að ráðningarferlinu. Að því loknu ætti aðgengi að þeim að vera með enn meiri aðgangstakmörkunum.

Lögin um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (persónuupplýsingalögin) er margslungin. Þau gilda um vinnslu persónuupplýsinga hjá einkaaðilum sem og stjórnvöldum. Gæta þarf að tengslum þeirra við ákvæði annarra laga, sbr. 44. gr. laganna. Þar segir að lögin gildi um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau tilgreini annað sérstaklega. Þegar stjórnvöld eru annars vegar þarf einkum að gæta að ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985, sérstaklega 7. gr. þeirra laga. Þá þurfa stjórnvöld að gæta að því að persónuupplýsingalögin takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum, sbr. 2. mgr. 44. gr. persónuupplýsingalaga.

Í eftirfarandi upptalningu er hnykkt á nokkrum lagalegum atriðum<sup>3</sup> vegna vinnslu sveitarfélaga með umræddar persónuupplýsingar úr sakaskrá:

- Telja verður að vinnsla upplýsinganna sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfseminni enda byggir hún á lagaskyldu. Af því leiðir að vinnslan er ekki háð því að fyrir liggja leyfi frá Persónuvernd. Sjá 33. gr. laganna um

<sup>1</sup>Við gerð eyðublaðanna var hugað að upplýsingaskyldu/fræðsluskýldu ábyrgðaraðila (sveitarfélags) gagnvart hinum skráða (umsækjanda) skv. 3. mgr. 21. gr. persónuupplýsingalaga sem og skilgreiningu laganna á hugtakinu samþykki.

<sup>2</sup>Með þessu móti er tryggt að hægt sé að fá upplýsingar um refsíðing fyrir kynferðisbrot án tímatakmarkana.

<sup>3</sup>Hér var stuðst við Ritroð Háskóla Íslands nr. 5 frá 2007 *Rafræn vinnsla persónuupplýsinga við meðferð stjórnsýslumála* eftir Pál Hreinsson, hæstaréttardómara.



leyfisskylda vinnslu og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglna Persónuverndar nr. 712/2008<sup>4</sup>.

- Ef vinnsla upplýsinganna er rafræn<sup>5</sup> þá er hún sennilega **tilkynningarskyld** til Persónuverndar þar sem hér er um „viðkvæmar persónuupplýsingar“ að ræða. Sjá 31. gr. laganna um tilkynningarskyldu og 5. gr. nefndra reglna nr. 712/2008<sup>6</sup>. Í reglunum er kveðið á um form og efni tilkynninganna og fleiri atriði þar að lútandi í III. kafla um tilkynningarskylda vinnslu persónuupplýsinga.
- Á sveitarfélögum hvílir svonefnd „varðveisluskylda“, sbr. 7. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands. Samkvæmt greininni (sérákvæðinu) er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, þar á meðal sveitarfélaga, nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum<sup>7</sup> sem settar verða um ónýtingu skjala.
- Ákvæði um eyðingu persónuupplýsinga eru í 26. gr. persónuupplýsingalaga. Fyrirnefnt sérákvæði um varðveisluskyldu gengur almennt framur þeim. Þá er varðveisluskyldan talin rík enda þótt í hlut eigi rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar. Eyðing slíkra upplýsinga á helst við um þær sem skráðar hafa verið inn í upplýsingakerfi (gagnagrunna)<sup>8</sup>.
- Svonefnd persónugreiningarregla er í 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. persónuupplýsingalaga. Samkvæmt henni skal við meðferð persónuupplýsinga gæta að því að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu. Fyrirnefnt sérákvæði um varðveisluskyldu takmarkar þessa reglu en um framkvæmd hennar segir í ritröð Lagastofnunar HÍ nr. 5 frá 2007 á bls. 31: „... verður að ætla að stjórnvöld beiti aðallega aðgangsstýringu og takmarki aðgang að eldri upplýsingum og dulkóði eftir atvikum mjög viðkvæmar upplýsingar.“
- Umsækjandi sem hefur gefið samþykki sitt fyrir upplýsingaöflun úr sakaskrá á ákveðinn **upplýsingarétt** samkvæmt 18. gr. persónuupplýsingalaga. Hann getur farið fram á upplýsingar um: 1) hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með; 2) tilgang vinnslunnar; 3) hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann; 4) hvaðan upplýsingarnar koma; 5) hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.
- Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði

<sup>4</sup>Reglurnar öðlast gildi þann 1. nóvember 2008. Þær koma í stað eldri reglna nr. 698/2004.

<sup>5</sup>Öll tölvunotkun fellur hér undir.

<sup>6</sup>Það er álitamál hvort telja megi þessa upplýsingaöflun sveitarfélaga til þeirra tilvika sem undanþegin eru tilkynningarskyldu til Persónuverndar samkvæmt 2. málsl. 5. gr. nefndra reglna nr. 712/2008.

<sup>7</sup>Þjóðskjalasafn Íslands gaf út reglur um *Grisjun* í apríl 2008. Þar kemur fram að grisjun gagna með persónuupplýsingum sé háð leyfi safnsins og að sækja þurfi um heimild um slíkt þangað. Sjá bls. 11 – 12.

<sup>8</sup>Sjá bls. 55 í fyrirnefndri ritröð Lagastofnunar Háskóla Íslands nr. 5 frá 2007.



eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög um persónuvernd, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Sjá nánar personuvernd.is.

Í eftirfarandi upptalningu er hnykkt á nokkrum hagnýtum atriðum varðandi fyrirkomulagið á upplýsingaöflun úr sakaskrá og ráðningarferlið:

- Rétt þykir að takmarka öflun upplýsinga úr sakaskrá við þá umsækjendur sem fyrirhugað er að ráða til starfa. Afla þarf skriflegs samþykkis hjá þeim fyrir upplýsingaöfluninni, þ.e. með undirritun þeirra á viðeigandi eyðublað<sup>9</sup>.
- Á eyðublöðunum er umfang upplýsingaöflunarinnar tilgreint og greint frá tilgangi hennar ásamt fleiri upplýsingum. Gæta þarf að því að nægur tími gefist til þess að fara yfir þau atriði sem þar eru áður en skrifað er undir. Þegar undirritað eyðublað liggur fyrir er mælt með því að það sé ljósritað og viðkomandi látið ljósritið í té.
- Bréf er sent til embættis ríkissaksóknara þar sem þeir umsækjendur sem til stendur að ráða eru listaðir upp með nafni og kennitölu og óskað eftir upplýsingum úr sakaskrá ríkisins um viðkomandi í samræmi við hjálagðar heimildir, þ.e. eyðublöð sem umræddir einstaklingar hafa undirritað.
- Þegar skrifleg staðfesting frá embætti ríkissaksóknara með upplýsingum úr sakaskrá liggur fyrir er málið klárað, þ.e. viðkomandi ráðin/nn til starfa eða eftir atvikum hætt við ráðningu.
- Ef tíminn er naumur kann að þykja nauðsynlegt að ráða viðkomandi strax til starfa eftir að hún/hann hefur skrifað undir eyðublað fyrir upplýsingaöflun úr sakaskrá. Í slíkum tilvikum er rétt að taka fram, bæði munnlega og skriflega í ráðningarsamningi, að ráðningin sé bundin fyrirvara um niðurstöðu úr þeirri könnun. Fyrirvarinn í ráðningarsamningstextanum gæti hljóðað svo: *Fyrir liggur heimild frá starfsmanni um upplýsingaöflun sveitarfélagsins úr sakaskrá um sig. Ráðningarsamningur þessi er gerður með fyrirvara um niðurstöðu úr þeirri könnun.*

Að lokum skal áréttað að skyldan til að afla upplýsinga úr sakaskrá á við um ráðningar í öll störf við leikskóla og grunnskóla en ekki einungis störf kennara og stjórnenda. Hið sama á við um störf í lengdri viðveru og annað æskulýðsstarf á vegum sveitarfélaga. Ef umrædd störf heyra undir skipulag hlutaðeigandi grunnskóla, líkt og gildir víða um lengda viðveru, verður að telja að ákvæði 11. gr. grunnskólalaga eigi við annars ákvæði 10. gr. æskulýðslaga.

---

<sup>9</sup>Fyrirmyndirnar eru þrjár, þ.e. fyrir grunnskóla, leikskóla og aðra æskulýðsstarfsemi á vegum sveitarfélaga. Efni þeirra er nánast eins en lagagrundvöllur er mismunandi eftir því hvaða starfsemi á í hlut.